

## E. 31

**ÁBYRGÐARFÉLAG  
ÞILSKIPA VIÐ  
FAXAFLÓA**

Stofnað í Reykjavík 1894. Aðalforgöngumaður að stofnun þess og fyrsti formaður var Tryggvi Gunnarsson bankastjóri. Félagið starfaði óslitið fram undir 1920, en var leyst upp 1933 og sjóður þess afhentur Slysavarnar-félagi Íslands. Nr. 1 og 2 afhent af Gunnari B. Sigurðssyni skrifstofu-stjóra 8. jan. 1965. Nr. 3 kom til Þjskjs. í júlí 1976 frá Guðrúnu Guðmundsdóttur Nielsen, Grana-skjóli 28, Reykjavík.

(3 öskjur)

(1) Aðalbók I. 1902 - 1932.

(2) Aðalbók II. 1902 - 1932.

Kassabók 1917 - 1932.

(3) Funda- og bréfabók 1894-1933. Með fylgir ljósrit bókarinnar.

Lög og reglugjörð Ábyrgðarfélags þilskipa við Faxaflóa, samþykkt á félagsfundi 14. febr. 1911.

Reikningar og kvittanir 1913 - 1924.

Ýmis skjöl 1916 - 1933.

## **E. 32**

### **LANDSSÖFNUNIN 1945**

Landssöfnun til hjálpar bágstöddu fólki á  
Danmörku og Noregi.

(7 öskjur)

- (1) Prentaðir og númeraðir söfnunarlistar (1 - 1501).
- (2) Prentaðir og númeraðir söfnunarlistar (1502 - 3500).
- (3) Söfnunarlistar af ýmsu tagi og fylgiskjöl.
- (4) Söfnunarlistar af ýmsu tagi og fylgiskjöl.
- (5) Reikningur landssöfnunarinnar með fylgiskjölum.
- (6) Sjóðbók landssöfnunarinnar.

Skrá um útsenda söfnunarlista.

Bréf, bréfaafrit og símskeyti um afhendingu söfnunarfjárins.

Listar yfir föt og aðrar vörur, sem afhentar voru til Danmerkur og Noregs.

- (7) Ýmsir reikningar og kvittanir.

Ávísanahefti söfnunarnefndarinnar, stimplar o.fl.

Umslög utan af söfnunarfé.

## E. 33

### KOMMÚNISTAFLOKKUR ÍSLANDS

Kommúnistaflokkur Íslands var stofnaður um mánaðamót nóv.-des. 1930. Formaður var Brynjólfur Bjarnason. Sbr. Alfræði Menningarsjóðs, Íslandssaga. Ingólfur A. Jóhannesson, Sogavegi 120, Rvík, afhenti Þjskjs. 8. apríl 1980.

Ljósrit af fundargerðabók deildar Kommúnistaflokks Íslands á Húsavík 1930-1936.

## E. 34

### SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN (gamli)

Sjálfstæðisflokkurinn gamli eða fyrri var stofnaður 1908 til baráttu gegn stefnu Heimastjórn-arflokksins í Sjálfstæðismálinu, uppkastinu. Sbr. Alfræði Menn-ingarsjóðs, Íslandssaga.

Fundabók stjórnar Sjálfstæðisflokksins gamla 1908 - 1911.

## E. 35

### SKÁK

Félag í Reykjavík, stofnað 1909 í þeim tilgangi að iðka tafllist.

Fundabók félagsins Skákar í Reykjavík 1909 - 1912.

## E. 36

THOMSEN,  
CHRISTIAN J.

**Thomsen, Christian J.** (1788-1865),  
fornfræðingur. - Um langt skeið ritari  
fornleifanefndarinnar dönsku og  
brautryðjandi í forn-leifafraði.

### Bréf til Christians J. Thomsens - bréfritarar:

Hoppe, P. F., stiftamtmaður, Rvík, 1827.

*Fskj.:* Bréf sr. Eggerts Guðmundssonar í Reykholti til Hoppes  
stiftamtmanns, dags. 9. júlí 1827.

Hoppe, T. A., stiftamtmaður, Rvík, 1843.

Krieger, L. A., stiftamtmaður, Rvík, 1830, 1832.

Reuterdahl, Henrik, biskup, 1 ótímasett bréf.

Steingrímur Jónsson, biskup, Rvík, 1823, 1825 (2), 1826, 1827 (2), 1830, 1832  
(2), 1833, 1841, 1842, 1843, 1844, 1 ótímasett bréf.

*Fskj.:* Bréf eftirtalinna til Steingríms biskups:

Páls Guðmundssonar, Keldum, 1825.

Einars Einarssonar, Skurðbæ, 1831.

Jóns Jónssonar, prests, Klausturhólum, 1832.

Páls Tómassonar, Miðdal, 1841.

Ólafs Stefánssonar, Haukadal, 1842.

Teilmann, Charles, jægermester, 1822.

*Aths.:* Bréfið er til Den kongelige Commission for Oldsagernes  
Opbevaring.

*Fskj.:* Teikningar á 4 blöðum af ýmiss konar vopnum.

## E. 37

RAFN,  
CARL CHR.

**C. C. Rafn** (1795-1864), fornfræð-ingur. Frumkvöðull að stofnun Norræna fornfræðafélagsins (Det kgl. nordiske Oldskriftsselskab) 1825 og ritari þess lengi síðan. Starfaði félagið mjög að útg. ísl. fornrita. Rafn átti mestan þátt í stofnun Landsbókasafns Íslands 1818.

**Bréf** - bréfin eru til Rafns, sé annars ekki getið:

Abrahamson, J. N. B., Odense, 1831.

De la Gardie, J. G., Svíþjóð, 1830.

Til Hins kgl. norræna fornfræðafélags.

Droysen, J. G., prófessor, Kiel, 1833.

Dufferin, lávarður (?), 1858.

Falck, N. N., sagnfræðingur, Kiel, 1829.

Flores, Juan José, 1842.

Hammershaimb, V. U., prestur, Færeyjum, 1857.

Heiberg, P. A., rithöfundur, 1830.

Jón Árnason, bókavörður, Rvík, 1862 (2).

Jón Ingjaldsson, prestur, Húsavík, 1849.

Jón Jónsson, Leysingjastöðum, Hún., 1831.

Lange, Chr., sagnfræðingur, Noregi, 1845.

Mohnike, G., konsistorialráð, Stralsund, 1829.

Munch, P. A., sagnfræðingur, Noregi, 1845, 1849, 1850 (4), 1 ótímasett brot.

Möller, Jens, guðfræðingur, Khöfn, 1828.

Til J. Abrahamssons, forseta Fornfræðafélagsins.

Rafn, C. C., 1823, 1824, 1825 (3), 1826 (4), 1827, 1828 (3), 1 ótímasett brot.

Til Graeters prófessors í Ulm.

Rotteck, H. R., sagnfræðingur, Freiburg, 1830.

Stjórn Hins kgl. norræna fornfræðafélags, 1825.

Til Roberts Jamiesons, Edinborg.

Terenzio, Ch. P., Ítalíu, 1860.

Þorsteinn Helgason, prestur, Reykholti, 1838.

Nokkur bréfauppköst C. C. Rafns og afrit bréfa til hans.

Brot úr dagbók C. C. Rafns frá 1818.

Nokkrar danskar vísur.

## E. 38

### FINNUR MAGNÚSSON

Finnur Magnússon (1781-1847), leyndarskjalavörður. Nam í Khafnarháskóla 1798-1801. Var á Íslandi 1801-1812. Fór þá aftur til Khafnar og tók að sinna fornritafræði. Varð prófessor 1815. Leyndarskjalavörður 1829. Hafði lengi með höndum trúnaðarstörf fyrir Bókmenntafélagið og Fornfræðafélagið. Fulltrúi Íslands á stéttapungum 1835-36, 1838, 1840 og 1842. Ritaði fjölda bóka og ritgerða um norræn fræði.

#### Bréf til Finns Magnússonar - bréfitrarar:

- Asbjörnсен, P. Chr., þjóðsagnafræðingur, 1842.  
 Asbjörnсен og Jörgen Moe, þjóðsagnafræðingar, 1842.  
 Atcantara, Pedro de, Madrid, 1841.  
 Atterbom, P. D., skáld, Svíþjóð, 1840, 1842, 1845.  
 Behrmann, H. C., Khöfn, 1839.  
 Clement, K. J. B., Edinborg, 1937.  
 Cronholm, A., prófessor, Lundi, 1841, 1842.  
 Den kgl. Direction for Universitetet og de lærde Skoler, Khöfn, 1817.  
 Directionen af det kgl. Selskab for Norges Vel, 1813.  
 Ehrenberg, C. G., náttúrufræðingur, Þýskal., 1846.  
 Finnur Magnússon, prófessor, Khöfn, 1820, 1835 (2), 1836, 1837 (3), 1839 (3), 1841.  
 Til Nikolínu Frydensberg, konu Finns (ljósrit).  
 Flota- og nýlenduráðuneytið, París, 1839 (2), 1845.  
 Giesecke, K. L., prófessor, Dublin, 1818.  
 Graeter, F. D., prófessor, Würtemberg, 1828.  
 Grimm, Jacob, prófessor, Berlín, 1842.  
 Grimm, Wilhelm, þjóðsagnafræðingur, 1829, 1841.  
 Grímur Thomsen, skáld, Bessast., 1846 (3), 1847 (3).  
 Illgen, C. F., prófessor, Leipzig, 1831.  
 Jackson, Julian, ritari í Royal Geographical Society, London, 1844.  
 Jónas Hallgrímsson, skáld, 1842.  
 La Motte-Fouqué, barón, 1822, 1823.  
 Liljegren, J. G., skjalavörður, Stokkhólmi, 1833.  
 Lindfors, A. O., prófessor, Lundi, 1834.  
 Mohnike, G. C., konsistorialráð, Stralsund, 1847.  
 Munch, P. A., sagnfræðingur, Kristjaníu, 1844.  
 Pogodin, M. P., sagnfræðingur, Pétursborg, 1 óársett bréf.  
 Rask, R. Chr., prófessor, Khöfn, 1816, 1817 (9), 1818 (4), 1819.

## Einkaskjalasöfn

*Ath.:* Sum bréfanna eru ótímasett, en Marie Bjerrum, sem er sérfræðingur í öllu, sem snertir Rask, hefur gefið upplýsingar um ritunartíma þeirra, sbr. hjálagt bréf.

Sjögren, A. J., málfræðingur, Finnlandi, 1842.

Southey, Robert, skáld, Englandi, 1833.

Steffens, Henrik, heimspekingur, Khöfn, 1837.

Trevelyan, W. C., Englandi, 1 óársett bréf.

Wergeland, H. A., skáld, Noregi, 1842.

Þórður Björnsson, sýslum., Garði, 1833.

Þórður Sveinbjörnsson, dómstjóri, 1848.

Þorleifur Repp, málfræðingur, 1827, 1835, 1836.

Fjögur bréf á ensku, frönsku, þýsku og hollensku, dags. 8. mars 1838, 20. apríl 1847, 11. febr. ártalslaust og 10. nóv. 1843, til Finns Magnússonar. - Nöfn bréfritaranna hefur ekki tekist að lesa með neinni vissu.

Útdráttur úr bréfi til Finns Magnússonar, ritaður á ensku, án undirskriftar, dags. 11. ágúst 1827.

Nokkur kvæði Finns Magnússonar til konungsfólksins danska (ljósrit).

Heiðurskjal og 2 vegabréf fyrir Finn Magnússon.

Ýmislegt.

## E. 39

### GÍSLI GÍSLASON

Gísli Gíslason (1774-1858). Bóndi á Villingavatni í Grafningi 1804-1850. Hreppstjóri, sátta-sembjari og meðhjálpari í sinni sveit um langt skeið. Skjöl þessi voru áður í Syrpu nr. 73, og bárust þau Þjskjs. frá Þorgeiri Magnússyni frá Villingavatni árið 1950.

#### Bréf:

Bréf frá Pétri Guðjónssyni settum sýslumanni í Árnseyssýslu til Gísla Gíslasonar á Villingavatni, dags. 11. júlí 1850.

Bréf frá Þórði Guðmundssyni sýslumanni í Árnseyssýslu til Gísla Gíslasonar á Villingavatni, dags. 12. nóv. 1850 og 8. sept. 1854.

Bréf frá sýslumanninum í Árnseyssýslu, Þórði Guðmundssyni, til Ingimundar Gíslasonar á Króki, dags. 31. mars 1854.

Bréf frá Jóni Hjaltalín landlækni til Magnúsar Gíslasonar hreppstjóra á Villingavatni með beiðni um skýrslu um kláðalækningar, dags. 8. des. 1858. - Aftan á er svarbréf Magnúsar í uppkasti.

Bréf frá Jóni hreppstjóra Kristjánssyni í Skógarkoti til Magnúsar Gíslasonar á Villingavatni, dags. 28. maí 1859.

Bréf frá sýslumanninum í Árnseyssýslu til Þorgeirs hreppstjóra Þórðarsonar í Hagavík í Grafningi um ásetning sauðfjár, dags. 4. febr. 1858.

Ótímasett og óundirritað bréf um ráðstöfun á ónefndri ekkju.

#### Önnur skjöl:

Skipunarbréf handa Gísla Gíslasyni til að vera sáttanefndarmaður í Grafnings- og Þingvallahreppi, dags. 10. júlí 1810.

Skipunarbréf handa Gísla Gíslasyni til að vera hreppstjóri í Þingvallahreppi, dags. 8. ágúst 1843.

Útnefningarbréf: Páll Melsted settur sýslumaður í Árnseyssýslu útnefnir þá Gísla Gíslason á Villingavatni, Halldór Jónsson á Hrauntúni og Jón Kristjánsson í Skógarkoti til að vera jarðamatsmenn í Þingvallahreppi, dags. 24. apríl 1849.



## Einkaskjalasöfn

Minniskompa Gísla Gíslasonar frá árunum 1817-1850, s.s. um vefnað, landskuld o.fl.

Skrár um fjármuni, sem Gísli Gíslason á Villingavatni hefur látið út til barna sinna 1823-1850.

Reikningar Gísla Gíslasonar á Villingavatni við Hafnarfjarðarverslun 1842-1859.

Fyrirskrift fyrir Gísla Gíslason á Villingavatni um meðala- notkun frá Jóni landlækni Hjaltalín, 12. okt. 1855.

Yfirlit yfir eftirlátnar eigur Gísla Gíslasonar á Villingavatni og úthlutun þeirra.

Nokkrar jarðaúttektir: Torfastaðir í Þingvallahreppi 30. maí 1838 og 25. maí 1839, Tunga í Grafningi 30. maí 1862, Litli Háls í Grafningi 5. júní 1863, Hagavík 1851 og Villingavatn 21. maí 1850.

Skuldarviðurkenning: Ólafur Jónsson á Hraðastöðum í Mosfellssveit viðurkennir 230 spesía skuld sína við Þórð Magnússon á Ölvesvatni í Grafningi, dags. 22. sept. 1843.

Sýslupassi Rósu Jónsdóttur, sem fluttist frá Stekkjarkoti í Mosfellssveit að Króki í Grafningi 1850. - Áritaður er vitnisburður sr. Stefáns Þorvaldsonar á Mosfelli um Rósu.

Byggingarbréf: Þórður Gíslason á Úlfljótsvatni byggir Magnúsi Gíslasyni jörðina Villingavatn, dags. 6. júní 1851.

Hreppaskilavingboð í Þingvallahreppi, dags. 16. maí 1854 og undirritað af Árna hreppsstjóra Björnssyni í Fellsenda.

Útbyggingarbréf: Kristján J. Matthiesen á Hliði á Álftanesi byggir Guðmundi Guðmundssyni út af Torfastöðum í Grafningi, dags. 23. nóv. 1858.

Landsyfírréttardómur í málinu: Fyrra hjónabandsferfingjar Gríms bónda Þorleifssonar gegn ekkju hans, Hallgerði Þórhalladóttur, og börnum þeirra, dags. 9. ágúst 1869.

## **E. 40**

### **SIGURÐUR ÁRNASON**

Sigurður Árnason (1836-1910). Bóndi í Kirkjuhvammi og á fleiri jörðum í V-Húnavatnssýslu. Gegndi margvíslegum trúnaðar-störfum fyrir sveit sína. Framarlega í verslunarsamtökum Húnavetninga um 1870.

#### **Bréf - bréfitarar:**

Alexander Bjarnason, Melum, 1884.  
Eggert Helgason, Helguhvammi, 1863.  
Eyjólfur Guðmundsson, Eyjarbakka, 1870.  
Hans Natansson, Þóreyjarnúpi, 1876.  
Hjálmar Bjarnarson, Eyjarbakka, 1879.  
Ísleifur Jónsson, Vatnshorni, 1879.  
Til Vigfúsar Guðmundssonar, Ytrivöllum.  
Jakob Bjarnason, Illugastöðum, 1882.  
Jóhann Sakaríasson, Bálkastöðum, 1885.  
Jóhannes Guðmundsson, Hörgshóli, 1883.  
Jón Gíslason, Ljótunnarstöðum, 1891.  
Jón Skúlason, Söndum, 1881.  
Kristján Ívarsson, Syðri Kárastöðum, 1881, 1886.  
Páll J. Vídalín, Víðidalstungu, 1868.  
Þorvaldur Bjarnarson, prestur, Mel, 1877, 1881.

#### **Önnur skjöl:**

Skýrsla frá jarðabótafélagi í Svínavatns- og Bólstaðarhlíðarhreppi um athafnir þess árið 1853.

Pöntunarseðill frá Gísla Guðmundssyni á Staðarbakka til S. Vigfússonar factors, dags. 2. júlí 1853.

Reglur um afréttarmál, samþykktar á Syðri Löngumýri 20. jan. 1857.

Plögg um Verslunarfélagið við Húnaflóa og Borðeyrarfélagið:

Reglur um ullarverkun, undirritaðar af Jósef Skaftasyni á Hnausum, 28. júní 1873 og sendar Árna Sigurðssyni verslunarfélagsfulltrúa.

Boð um aukafund í Verslunarfélaginu við Húnaflóa, undirritað af Jósef Skaftasyni 2. júlí 1873 og sent Sigurði Árnasyni í Kirkjuhvammi.

Bráðabirgðareglur um fyrirhuguð skipakaup Borðeyrarfélagsins, dags. 6. nóv. 1873 (eftirrit).

## **Einkaskjalasöfn**

Áskorun til stjórnar Félagsverslunarinnar við Húnaflóa frá allmörgum félagsmönnum um boðun fundar til þess að skipta félaginu, dags. að Borðeyri 20. nóv. 1874.

Boðsbréf um söfnun hlutafjár til kaupa á skipi fyrir Borðeyrarfélagið, dags. 24. febr. 1875.

Ótímasett og óundirritað jarðabókarbrot um nokkrar jarðir í Svínavatnshreppi í Húnavatnssýslu.

Ótímasett skrá um einhver fjárframlög fólks í Svínavatns- hreppi.

## **E. 41**

### **HALLGRÍMUR SVEINSSON**

Hallgrímur Sveinsson (1841-1909),  
biskup. Stúdentspróf í Rvík 1863.  
Guðfræðipróf í Khöfn 1870.  
Dómkirkjuprestur í Rvík 1871. Biskup  
1889-1908. Kon-ungspingmaður 1885-86  
og 1893-1903.

#### **Bréf til Hallgríms Sveinssonar - bréfitrarar:**

Benedikt Eyjólfsson, prestur, Bjarnanesi, 1905, 1906 (2).  
Benedikt Kristjánsson, prestur, Grenjaðarstað, 1906 (4).  
Bikuben, Khöfn, 1906.  
Bjarni Símonarson, prestur, Brjánslæk, 1905, 1906 (3).  
Björn Blöndal, prestur, Hvammi í Laxárdal, 1906.  
Björn B. Jónsson, prestur, Minnesota, 1904.  
Björn Sigfússon, umboðsmaður, Kornsa, 1905.  
Brynjólfur Jónsson, prestur, Ólafsvöllum, 1906.  
Einar Jochumsson, Rvík, 1903.  
Einar Jónsson, prestur, Kirkjubæ í Hróarstungu, 1906.  
Einar Þórðarson, prestur, Desjarmýri, 1906.  
Eiríkur Gíslason, prestur, Stað í Hrutafirði, 1905.  
Eiríkur Þ. Stefánsson, prestur, Auðkúlu, 1906.  
Emil Guðmundsson, prestur, Kvíabekk, 1905, 1906.  
Eyjólfur Guðmundsson, Hvoli í Mýrdal, 1906.  
Geir Sæmundsson, prestur, Akureyri, 1906.  
Guðmundur Guðmundsson, prestur, Gufudal, 1905.  
Guttormur Vigfússon, prestur, Stöð, 1905.  
Hálfdán Guðjónsson, prestur, Breiðabólstað í Vesturhópi, 1906.  
Haraldur Níelsson, prófessor, 1904.  
Helga M. Kristjánsdóttir, Skeggjastöðum, 1906.  
Helgi Hjálmarsson, prestur, Helgastöðum, 1906 (5).  
Hjörleifur Einarsson, prestur, Undornfelli, 1906 (2).  
Ingvar Nikulásson, prestur, Gaulverjabæ, 1905.  
Jóhann Sveinbjarnarson, prestur, Hólmum, 1905 (2), 1906 (4).  
Jens V. Hjaltalín, prestur, Setbergi, 1905 (2), 1906.  
Jón N. Jóhannesson, prestur, Sandfelli, 1905.  
Jón Þorsteinsson, prestur, Sauðanesi, 1906.  
Jónas P. Hallgrímsson, prestur, Kolfreyjustað, 1905, 1906 (3).  
Jónas Jónasson, prestur, Hrafnagili, 1905.  
Klemens Klemensson, Vík í Mýrdal, 1905.  
Kristinn Daníelsson, prestur, Útskálum, 1906.  
Kristján Jóhannesson, Eyrarbakka, 1906.  
Ludvig Knudsen, prestur, Bergsstöðum, 1906.  
Magnús Andrésson, prestur, Gilsbakka, 1906.  
Ófeigur Vigfússon, prestur, Fellsmúla, 1906.

## Einkaskjalasöfn

- Ólafur Ólafsson, prestur, Hjarðarholti, 1905, 1906 (3).  
Páll Ólafsson, prestur, Vatnsfirði, 1905, 1906 (3).  
Runólfur Runólfsson, Utah, 1905 (3), 1906 (5).  
Sigurður Jónsson, prestur, Lundi, 1906.  
Sigurður P. Sívertsen, prestur, Hofi í Vopnaf., 1906.  
Stefán Jónsson, prestur, Staðarhrauni, 1906.  
Stefán M. Jónsson, prestur, Auðkúlu, 1906 (3).  
Stefán Stefánsson, Fagraskógi, 1905.  
Tómas Bjarnason, prestur, Siglufirði, 1906.  
Valgerður Þorsteinsdóttir, Bægisá, 1906.  
Valdimar Briem, prestur, Stóra Núpi, 1905, 1906.  
Vilhjálmur Briem, prestur, Staðastað, 1905.  
Zóphónías Halldórsson, prestur Viðvík, 1905, 1906 (2).  
Þorvaldur Bjarnarson, prestur, Melstað, 1906.  
Þorvaldur Jónsson, prestur, Ísafirði, 1905, 1906, 1907.  
Þorvarður Þorvarðsson, prestur, Víðihóli, 1905 (2), 1906.

## **E. 42**

**ÁSGEIR G.  
ÁSGEIRSSON**

Ásgeir G. Ásgeirsson (1856-1912).  
Stórkaupmaður. Forstöðu-maður  
Ásgeirsverslunar á Ísafirði og hafði mikil  
umsvif í verslun og útgerð víða um  
Vestfjörðu. Hér eru einnig plögg **Ásgeirs  
eldra Ásgeirssonar** (1817-1877),  
skip-herra og stofnanda Ásgeirsverslunar  
og **Lárusar Á. Snorrasonar**  
verslunarfulltrúa hjá Ásgeirsverslun.

(1 askja)

### **Bréf til Ásgeirs Ásgeirssonar eldra kaupmanns á Ísafirði - bréfitarar:**

Árni Helgason, prestur, Görðum, 1854.  
Benedikt Eggertsson, prestur, Vatnsfirði, 1869 (2).  
Boysen, A., 1856.  
Friðrik Svendsen, kaupmaður, Flateyri, 1854.  
Gigas, V., Khöfn, 1873.  
Gísli Bjarnason, Ármúla, Ísafjs., 1870.  
Guðmundur Lambertsen, kaupm., Rvík, 1961.  
Hjálmar Jónson, kaupm., Flateyri, 1867, 1869.  
Jón Halldórsson, Laugabóli, 1869.  
Jón A. Hjaltalín, skólastjóri, Möðruvöllum, 1862, 1867.  
Jón Jónsson o.fl. 1872.  
Kristín Þórarinsdóttir, Botni, Sígandafirði, 1862.  
Kristján Ebenezersson, Reykjarfirði, 1869, 1870 (2), 1873.  
Magnús Bjarnason, Hamri, 1867.  
Magnús Hákonarson, prestur, Stað í Steingrímsfirði, 1870.  
Oddur Sveinsson, prestur, Hrafnseyri, 1852, 1853 (2).  
Ólafur Ólafsson, Alviðru, Dýrafirði, 1867.  
Rósinkrans Kjartansson, Tröð, 1868.  
Sighvatur Gr. Borgfirðingur, Klúku, Bjarnarfirði, 1870.  
Sigríður Bjarnadóttir, Ósi, 1870.  
Simmelhag & Holm, Khöfn, 1869, 1872.  
Stefán P. Stephensen, prestur, Holti í Önundarfirði, 1869.  
Thomsen, N. N., Önundarfirði, 1869 (2).  
Thostrup, V. T., Ísafirði, 1870.  
Torfi Halldórsson, kaupm., Flateyri, 1867.

### **Bréf til Ásgeirs Ásgeirssonar stórkaupmanns á Ísafirði bréfitarar:**

Halldór Melsted, Holti í Önundarfirði, 1875.  
Kristján Ebenezersson, Reykjarfirði, 1873.  
Stefán P. Stephensen, prestur, Holti í Önundarfirði, 1875.  
Torfi Halldórsson, kaupm., Flateyri, 1875.

## Einkaskjalasöfn

Þórarinn Kristjánsson, prestur, Vatnsfirði, 1874.

### Bréf til Lárusar Á. Snorrasonar verslunarfulltrúa hjá Ásgeirsverslun á Ísafirði - bréfritarar:

Árni Árnason, Hóli í Hólshreppi, 1867 (2).

Ásgeir Magnússon, Kleifum, 1872.

Benedikt Oddsson, hreppstjóri, Hjarðardal, 1872.

Davíð Ólafsson, járnsmiður, Garði, 1870.

Gísli Bjarnason, Ármúla, 1867.

Gísli Jónsson, Húsavík, Strandasýslu, 1872.

Gísli Ólafsson, Auðkúlu, 1872.

Guðmundur Ásgeirsson, Arngerðareyri, 1873.

Gunnar Níelsson, Kleifum, 1868.

Jón Jónsson, Bæjum, 1872.

Kristján Ebenezersson, Reykjarfirði, 1870 (4).

Kristján Kristjánsson, Þúfum, 1869, 1870.

Kristján Vigfússon, Veðraá innri, 1867.

Magnús Bjarnason, Hamri, 1871.

Torfi Halldórsson, kaupm., Flateyri, 1868 (2), 1869, 1871 (2), 1872 (2), 1873 (2).

Þorvaldur Jónsson, læknir, Ísafirði, o.fl. 1873.

Bréf frá Jóni Jónssyni á Litla Hrauni við Eyrarbakka til Stefáns Bjarnasonar sýslumanns, dags. 20. maí 1861.

Bréf frá Guðmundi Pálssyni á Fremri Hnífsdal til Stefáns Bjarnasonar sýslumanns, dags. 16. nóv. 1871.

Umboð til handa Ásgeiri Ásgeirssyni til að vera umboðsmaður yfir eignum og ítökum kirkjunnar á Hrafnsseyri, á Ströndum, dags. 10. ágúst 1852.

Umboð til handa Ásgeiri Ásgeirssyni til að láta mæla út lóð á Ísafirði fyrir A. Boysen, dags. 24. júlí 1854.

Samþykkt Ísfirðinga um spítalahlut af fiski 1869.

Samþykkt Ísfirðinga um niðurskurð á hákarli 1865.

Fundargerð almenns sýslufundar, sem haldinn var á Ísafirði 28. júní 1869.

Yfirlit um nefndir, umræðudaga og afdrif mála á Alþingi 1871.

Listi yfir tillög og gjafir til Þjóðvinafélagsins úr Eyrarsveit í Skutulsfirði 1873.

Útmælingarbréf fyrir lóð Neðstakaupstaðar á Ísafirði, dags. 7. nóv. 1885.

Skrá um skip Ásgeirsverslunar á Ísafirði og afla þeirra 1893.

Samskotalisti til heiðursgjafar handa Jóni Sigurðssyni forseta (ótímasettur).

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

Hlutabréf Ásgeirs Ásgeirssonar skipherra á Ísafirði í prentsmiðjunni á Akureyri (ótímasett).

Eftirmæli um sr. Berg Halldórsson á Eyri í Skutulsfirði (d. 31. des. 1854).

Vörupantanir, kvittanir o.fl.



## E. 43

### JÓN ÞORKELSSON

**Jón Þorkelsson** (1822 - 1904), rektor. Stúdent í Rvík 1848. Málfræðipróf í háskólanum í Khöfn 1854. Styrkþegi Árnasafns á námsárunum. Lengi kennari í Reykjavíkurskóla og síðar rektor 1872-1895. Félagi í mörgum vísindafélögum. Skrifaði margt rita um málfræðileg efni. Þorsteinn Bjarnason, Holtsgötu 16, Rvík, afhenti Þjskjs. 22. jan. 1968. Komið úr dánarbúi Sigríðar Árnadóttur, kennslukonu, Smiðju- stíg 7, Rvík.

(2 öskjur)

(1) **Bréf** - bréfin eru til Jóns Þorkelssonar sé annars ekki getið - **bréfitarar**:

Ágústa Johnson, kennslukona, 1870.  
Albert H. Gunnlaugsson, London, 1874.  
Anderson, Rasmus B., prófessor, Wisconsin, 1880.  
Arbo, A., Öiestad, 1881.  
Árni Jónsson, læknir, 1879 (4), 1881, 1889, 1893, 1895.  
Árni Sigurðsson, Höfnum, 1878, 1879.  
Árni Thorsteinsson, landfógeti, 1874.  
Arnljótur Ólafsson, prestur, Bægisá, 1871, 1872 (2), 1876 (2), 1877.  
Arpi, Rolf, Uppsölum, 1876, 1877, 1878 (4), 1879 (3), 1880, 1883, 1897.  
Asher, A., Berlín, 1876.  
Barnes, James C., Rvík, 1878.  
Barnes, Martha, London, 1880.  
Líklega til Sigríðar Magnúsdóttur á Vífilsstöðum.  
Beeger, Julius, Leipzig, 1880.  
Benedikt Sveinsson, sýslumaður, 1874.  
Bergur Jónsson, prestur, Vallanesi, 1879.  
Bergur Thorberg, landshöfðingi, 1878.  
Bjarni Guðmundsson, Klapparholti, 1874.  
Bjarni Snæbjarnarson, Þórormstungu, 1870.  
Björn Guðmundsson, Löngumýri, 1877.  
Björn Jónsson, prentari, Akureyri, 1870, 1874, 1878 (2), 1880.  
Björn M. Ólsen, prófessor, 1879 (2), 1883.  
Blich, Jenny, Drammen, 1878, 1879.  
Boudoin, J. B., trúboði, 1874.  
Brenner, Oscar, München, 1879 (2), 1 ótímasett bréf.  
Brynjólfur Jónsson, Minna Núpi, 1878, 1880 (3).  
Brynjólfur Jónsson, prestur, Vestmannaeyjum, 1879.  
Brynjólfur Oddsson, bókbindari, Rvík, 1870.  
Edzardi, D. A., Leipzig, 1881.  
Eggert Briem, sýslumaður, 1878.  
Eggert Ólafsson Briem, prestur, Djúpavogi, 1870.

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

- Einar Hálfðanarson, Hvítanesi, 1878.  
Eiríkur Jónsson, garðprófastur, 1878 (3), 1879.  
Eiríkur Magnússon, Cambridge, 1871, 1872, 1877, 1880 (2).  
E. Bjarnason, Milwaukee, 1874 (2), 1876 (2), 1877, 1878 (5), 1879 (2), 1880, 1882.  
Fritzner, Johan, orðabókarhöfundur, 1883.  
Gates, Adelia, Svíþjóð, 1892.  
Gísli Guðmundsson, stud. philol., 1883.  
Gísli Magnússon, kennari, 1876.  
Grímur Thomsen, skáld, 1874.  
Grothe, Hermann, Berlín, 1882.  
Guðmundur Einarsson, prestur, Breiðabólstað, 1878.  
Guðmundur Gísli Sigurðsson, Kleifum, Gilsfirði, 1874 (2).  
Guðmundur Þorláksson, magister, 1874, 1876 (2), 1877, 1878 (2).  
Gunnlaugur Þorv. Stefánsson, prestur, Hvammi í Norðurárdal, 1876.  
Gusta (?), Milwaukee, 1874.  
    Bréfið er stílað til Bjargar (?).  
Hallgrímur Sveinsson, biskup, 1879.  
Hammershaimb, Venzel U., prestur, Færeyjum, 1877.  
Hannes Finnsson, amtmaður, Færeyjum, 1876, 1877.  
Helga og C. E. D. Proppé, Hafnarfirði, 1876.  
Helga Sigurðardóttir, Milwaukee, 1874.  
    Bréfið er sennilega til Sigríðar, konu Jóns.  
Herreborg, Otto, Khöfn, 1876 (2), 1877, 1878 (3), 1879.  
Hjörleifur Einarsson, prestur, Goðdölum, 1874.  
Høst & Søn, Khöfn, 1874, 1876.  
Jóhann Kr. Briem, prestur, Hruna, 1870 (3), 1874.  
Jón Hallsson, prestur, Goðdölum, 1876 (2), 1877, 1880.  
Jón A. Hjaltalín, skólastjóri, 1871, 1872, 1874 (2), 1877.  
Jón Ingjaldsson, prestur, Húsavík, 1874, 1876 (2).  
Jón E. Jónsson, Vík, 1874.  
Jón Jónsson, Akureyri, 1876.  
Jón Kristjánsson, prestur, Breiðabólstað, 1874.  
Jón Vídalín Jónsson, Khöfn, 1871, 1872 (2), 1874.  
Jón Magnússon, ráðherra, 1891, 1895.  
    Til Sigríðar Jónsdóttur.  
Jón Sigurðsson, forseti, 1870, 1871, 1872 (2).  
Jón Sveinsson, Hlíðarendakoti, 1876.  
Jón Thorlacius, prestur, Saurbæ, 1871.  
Jón Þorkelsson, rektor, 1877.  
    Til Sigríðar Jónsdóttur, konu hans.  
Jón Þorkelsson, rektor, 1873.  
    Til ónefnds skólabróður.  
Jónas Björnsson, prestur, Ríp, 1870, 1871.  
Jónas Guðmundsson, prestur, Staðarhrauni, 1879.  
Jónas Guðmundsson, Eyjólfstöðum í Vatnsdal, 1880.  
Ketill Ketilsson, Kotvogi, 1876.  
Klantz, Chatrine, Khöfn, 1874.  
    Til Sigríðar Jónsdóttur.  
Konráð Gíslason, prófessor, Khöfn, 1878.

## Einkaskjalasöfn

- Lárus Sveinbjörnsson, bæjarfógeti, Rvík, 1877.  
Leeds, Josiah, W. Philadelphia, 1878.  
Lorentsen, M., Khöfn, 1902.  
Lund, Georg, F. W., Århus, 1877.  
Magnús Andrésson, Steiná, 1876.  
Magnús Jónsson, prestur, Skorrastað, 1870, 1871, 1873, 1874 (4), 1876, 1877, 1878 (2).  
Magnús Magnússon, Holti, Hún., 1878 (2), 1879.  
Magnús Stephensen, landshöfðingi, 1870.  
Til Jóns Hjaltalíns landlæknis.  
Maren R. F. Thorarensen, Enni, 1870 (2), 1872 (2), 1873, 1874, 1876, 1878 (3), 1879 (2).  
Maurer, Konrad, prófessor, 1872, 1874 (2), 1876, 1877, 1878, 1879, 1880, 1882, 1883 (2), 1896.  
Meyer, Bruno, Kiel, 1874.  
Möbius, Th., prófessor, 1874.  
Oddgeir Guðmundsson, prestur, Vestmannaeyjum, 1879.  
Ólafur Pálsson, prestur, Melstað, 1874.  
Páll Melsteð, sagnfræðingur, 1874.  
Páll Ólafsson, Akri, Hún., 1878 (2), 1880.  
Páll Vídalín, Víðidalstungu, 1870 (2), 1871, 1872.  
Páll Þorláksson, prestur, Ameríku, 1874.  
Peter, William, Sheffield, 1878.  
Pétur Pétursson, biskup, 1879.  
Poestion, J. C., rithöfundur, 1897 (?).  
S. Jacobsen, Rvík, 1877.  
Þetta er etv. aðeins uppkast, sem ekki hefur verið sent.  
Schmidt, Thomas, ræðismannsritari, New York, 1878.  
Sigríður Jónsdóttir, Rvík, 1877.  
Sigurður Gunnarsson, prestur, Hallormsstað, 1872.  
Sigurður Gunnarsson, prestur, Stykkishólmi, 1879.  
Sigurður Magnússon, læknir, 1896.  
Sigurður Pétursson, Khöfn, 1892.  
Til Margrétar (?).  
Sigurður Sigurðsson, adjunkt, 1880.  
Sigurður B. Sívertsen, prestur, Útskálum, 1870 (15), 1871 (6), 1872 (14), 1874 (9), 1875, 1876 (5), 1877 (3), 1878 (4), 1879 (3), 1883.  
Skúli Gíslason, prestur, Breiðabólstað, 1878.  
Stefán Jónsson, Steinsstöðum, Eyjaf., 1870.  
Stefán Magnússon, Hvammi, 1872.  
Stefán Thorarensen, prestur, Kálfatjörn, 1879.  
Steingrímur Thorsteinsson, skáld, 1872.  
Sveinn Níelsson, prestur, Staðastað, 1866 (2), 1867, 1871, 1872 (2), 1873 (2).  
Unger, C. R., prófessor, Kristjaníu, 1876, 1877, 1878, 1894.  
Ursins Efterfølger, Khöfn, 1878 (2), 1879 (2), 1880 (3), 1883.  
Valdímur Briem, prestur, Stróa Núpi, 1877.  
Weber, T., Khöfn, 1880.  
Vilhjálmur Finsen, hæstaréttardómari, 1883.  
Wimmer, Ludvig F. A., prófessor, 1874, 1878.  
Zimsen, Chr., kaupmaður, 1874.

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

Zóphónías Halldórsson, prestur, Goðdölum, 1880.  
Þórarinn Böðvarsson, prestur, Görðum, 1870 (2), 1877 (2).  
Þórarinn Sveinsson, bókbindari, Gerðum, 1856.  
Þorbjörn Sigurðsson, Helgavatni, 1870.  
Þórður Guðmundsson, sýslumaður, Litla Hrauni, 1874.  
Þorkell Bjarnason, prestur, Reynivöllum, 1878, 1879.  
Þorlákur Stefánsson, prestur, Undirfelli, 1870.  
Þorlákur S. Þorláksson, Undirfelli, 1874.  
Þorleifur Jónsson, prestur, Skinnastað, 1873, 1874 (2), 1878, 1879.  
Þorsteinn Erlingsson, skáld, 1883.  
Þorsteinn Jónsson, læknir, Vestmannaeyjum, 1879.  
Þorvaldur Bjarnason, prestur, Mel, 1872.

### **(2) Önnur skjöl:**

Félagsskírteini Jóns Þorkelssonar í Hinu íslenska bókmenntafélagi, dags. 22. sept. 1851.

Testimonium paupertatis, gefið út af Jens Sigurðssyni og Jóni Péturssyni handa Jóni Þorkelssyni, dags. 1. maí 1852.

Bréf frá stjórnarnefnd Árnasafns, þar sem Jón Þorkelsson er gerður að öðrum styrkþega Árnasafns, dags. 24. sept. 1850.

Skipunarbréf Jóns Þorkelssonar sem adjunkts við Lærða skólann í Rvík, dags. 21. des. 1862, ásamt staðfestingu 28. febr. 1865.

Skipunarbréf Jóns Þorkelssonar sem yfirkennara við Lærða skólann í Rvík, dags. 13. sept. 1869.

Heiðursskírteini Jóns Þorkelssonar sem félaga í Konunglega norræna fornfræðafélaginu, 19. apríl 1897.

Testimonium publicum fyrir Jón Þorkelsson, gefið út 27. júní 1874.

Heiðursskjal þess efnis, að Jón Þorkelsson hafi verið gerður að dannebrogssriddara, dags. 3. sept. 1877.

Heiðursskjal þess efnis, að Jón Þorkelsson hafi verið gerður að dannebrogsmanni, dags. 1. mars 1895.

Minnisbækur, stíflaverkefni, varia excerpta, almanak fyrir árið 1872, reikningabók o.fl.

Reikningar, kvittanir o.þ.h.

Ýmislegt smálegt, þar á meðal kvæðið "Skilnaðar-minni", sem líklega er ort árið 1870, í tilefni falls þeirra Napóleons keisara í Frakklandi og Péturs Hafsteins amtmanns.

## E. 44

### BJARNI ÞORSTEINSSON

**Bjarni Þorsteinsson** (1782-1876). Amtamaður. Stúdent í Reykja-víkurskóla eldra 1800. Lögfræði-próf í Hafnarháskóla 1807. Vann í Rentukammeri. Amtmaður í Vesturamti 1821-49. Forseti Alþingis 1845. Einn af stofnend-um Hins ísl. bókmenntafélags og stofnaði Búnaðarfélag Vesturamts. Bjó að Arnarstapa meðan hann var amtmaður, en eftir það til dauða-dags í Rvík. Skrifaði ýmislegt um landshagi. Meginhluti þessara skjala lá í skjalasafni Vesturamts, annað er komið úr skjalasafni Árna Þorsteinssonar landfógeta (sonar Bjarna) og afgangurinn úr sérstökum einkaskjölum Bjarna amtmanns Þorsteinssonar. Í safni Árna Þorsteinssonar (E. 273) er þó enn margt, sem er greinilega komið frá föður hans.  
(5 öskjur)

#### (1) Bréf til Bjarna Þorsteinssonar - bréfritarar:

Árni Helgason, stiftsprófastur, 1825, 1857.

Benedikt Þórðarson, prestur, Stað á Snæfjallaströnd, 1842.

*Fskj.:* Breyting til betra eður velmeint Viðleitni að sýna: hvörnig Kaupverðslun og þiljuskipaveiðar verða mættu Íslendingum arðmeiri og affara sælli enn eru, með litlum viðbætir um Hreindír".

Fjármálastjórnin danska, 1832.

Geir Vídalín, biskup, 1819.

Hallgrímur Backmann, lögfræðingur, 1833.

*Aths.:* Bréfið er um stofnun félags "til landbúskapar og sjávarafla betrunar og frama", og með fylgir uppkast að boðsbréfi til að ganga í slíkt félag.

Holbök, garðyrkjumaður, 1817 (2), 1819.

Innanríkisráðuneytið, 1849 (2), 1850.

Kansellíið, 1820, 1821.

Landbúnaðarfélagið danska, 1817 (3), 1819, 1820 (3), 1821, 1822 (2), 1824.

Landfógeti, 1829, 1830.

Moltke, A., stiftamtmaður, 1847.

Rentuakammerið, 1808, 1809, 1811, 1814 (2), 1821 (2), 1823 (2), 1824 (3), 1825 (2), 1829 (2), 1832, 1835 (2), 1841, 1843 (2), 1844, 1848 (2).

Ríkisbankinn danski, 1815.

Rosenörn, M. H., ráðherra, 1849.

Stiftamtmaður, 1825, 1852, 1854, 1865.

Sýslumaðurinn í Snæfellsnessýslu, 1853.

**Önnur skjöl:**

Prófskírteini, veitingarbréf, heiðurskjöl o.þ.h.:

Vitnisburður úr Hólavallaskóla, í júní 1800.

Prófmíði fyrir Philologisk Pröve í Hafnarháskóla, dags. 19. apríl 1805.

Prófmíði fyrir Philologisk Pröve í Hafnarháskóla, dags. 5. okt. 1805.

Vitnisburður um námsárangur í lagadeild Hafnarháskóla, dags. 6. maí 1810.

Félagsskírteini í Hinu ísl. lærdómslistafélagi, dags. 6. jan. 1814.

Skipunarbréf um að vera skrifari í Rentukammeri, dags. 28. sept. 1816.

Félagsskírteini í Hinu konunglega danska landbúnaðarfélagi, dags. 12. nóv. 1817.

Skipunarbréf til að vera 2. meðdómari í Landsyfirrétti, dags. 29. sept. 1820.

Skipunarbréf í embætti amtmanns í Vesturamti, dags. 5. maí 1821.

Giftingarleyfisbréf til handa Bjarna og Þórunni Finsen (Hannesdóttur Finnssonar), dags. 9. júlí 1821.

Félagsskírteini í Hinu norræna fornfræðafélagi, dags. 8. nóv. 1825.

Skírteini heiðursfélaga í Hinu ísl. bókmenntafélagi, dags. 30. mars 1827.

Útnefningarskjal til að vera riddari af fjórðu gráðu Dannebrogordunnar, dags. 1. ágúst 1829.

Útnefningarskjal til að vera Dannebrogsmáður, dags. 10. júní 1841.

Staðfestingarbréf fyrir embætti amtmanns í Vesturamti, dags. 22. mars 1843.

Útnefningarskjal til að vera konungkjörinn þingmaður, dags. 28. sept. 1849.

Tilkynning um að Bjarni hafi verið kosinn heiðurslimur í Flateyjar framfara stofnfélagi, dags. 31. des. 1856.

Vitnisburðir um nám og störf Bjarna Þorsteinssonar á árunum 1807 - 1821.

Minnisgreinar Bjarna Þorsteinssonar um búskap sinn og framkvæmdir 1826 - 1876.

## Einkaskjalasöfn

Nokkrar minnisgreinar Bjarna Þorsteinssonar um fjárreiður og embættisrekstur.

- (2) „Vita“ Bjarna Þorsteinssonar, samin af sjálfum honum í Kaupmannahöfn, 1803 (á latínu).

Lóðseðill Bjarna Þorsteinssonar í jörðinni Kerlingardal, dags. 24. nóv. 1794.

Det kgl. söekadets korps og det kgl. söekadets akademi 1818-1821. Þessi plögg eru frá því að Bjarni var auditör við akademíið.

Skjöl um stofnun sjóðs til heiðurs hjónunum Bjarna Þorsteinssyni og konu hans, Þórunni Hannesdóttur, í tilefni af gullbrúðkaupsdegi þeirra 20. júlí 1871.

Fjárhaldsreikningar Magnúsar Stephensens fyrir umboði Þórunnar Hannesdóttur og önnur skjöl, er varða fjármuni hennar.

Fæðingarvottorð Finns V. Thorsteinssonar, útgefið af Ásgrími Vigfússyni Hellnapresti. - Kom í Þjóðskjalasafn 1952 frá Magnúsi Kjaran kaupmanni.

Endurminningar Bjarna Þorsteinssonar um Grím Jónsson amtmann.

Líklega bréfauppköst eða álit Bjarna Þorsteinssonar um mál út af svonefndum Hlíðarendareka. - Inn í er lagt bréf frá sr. Gísla Thorarensen til Bjarna, dags. 21. nóv. 1859.

Umburðarbréf frá Bjarna amtmanni Þorsteinssyni o.fl. í Vesturamtinu, dags. 10. júní 1835, að því er virðist sent með hefti af Nordisk Tidskrift.

Brot úr skrá um skjalasafn Vesturamtsins, líklega þegar Bjarni sagði af sér embættinu 1849.

Samrit af skipunarbréfi Jóhanns Árnasonar hreppstjóra á Borg á Mýrum gefnu út af Bjarna amtmanni Þorsteinssyni 20. apríl 1843.

Afsal B. Benedictssonar til handa Holger P. Clausen kaupmanni fyrir verslunarhúsum o.fl. í landi Stapa og Ósakots, dags. í Khöfn 12. des. 1823.

Vitnisburður útgefinn í Khöfn 2. apríl 1827 um sölu H. P. Clausens á íbúðarhúsinu á Stapa til Bjarna amtmanns Þorsteinssonar.

Ýmis uppköst Bjarna Þorsteinssonar 1816 - 1864.

Afgjaldabók Svignaskarðs og Fróðhúsa 1819 - 1857.

Prentaðar spurningar um landbúnaðarmál frá landbúnaðar- félaginu danska, dags. í des. 1821.

Prentuð gögn um Dannebrogssorðu og Dannebrogsmenn.

## Þjóðskjalasafn Íslands

Tímatal í nokkrum Íslendingasögum. Þjóðakyn rakið til Nóa og fleiri uppköst. Flest eða allt með hendi Páls stúdents Pálssonar.

„Om Wellerwände Bygninger“ meddelt af hr. etatsraad Arents (afrit).

Uppköst að margs konar skráum og skýrslum um jarðir og dýrleika þeirra og margt fleira, sumt ósamstæð brot.

Ódagsett eftirrit af bréfi um byggingu biskupsseturs.

Síðari hluti bréfs frá Steingrími biskupi Jónssyni til Rentukammersins 18. ágúst 1825.

Register over de gamle Love og Forordninger udgivne af de Oldenborgske Konger fra Aar 1448 til Aar 1643, [redigeret uden Tvivl af Professor iuris, Conferenceraad J. Erichsen, afskrevet med den Sidstnævntes Søn Amtmand L. Erichsens Haand].

Fortegnelse over Højesterets Domme í Islandske Sager fra Begyndelsen af Aaret 1800 til Maii 1822.

Uppkast að umburðarbréfi, ótímasett og óundirritað.

Bréfauppköst, flest ótímasett og óundirrituð með ýmsum rithöndum. Greinargerð um visitatiur í Ísafjarðarsýslu 1852.

- (3) Prestastefnudómur í máli sr. Ásgríms Vigfússonar á Laugabrekku (uppkast) 22. ág. 1823.

Útdráttur konungsráðsúrskurðar um hreppstjórnarmál 21. júlí 1808 o.fl. varðandi þau.

Skýrsla um samskotafé vegna móðuharðindanna og ráðstöfun þess á árunum 1784-1835 og rentukammersbréf sama efnis, 16. nóv. 1836, 1. júlí 1837.

Ýmis gögn um spítalana, jarðeignir á Íslandi, jarðamatsnefndina frá 1800, jarðamatið næstu árin o.fl. varðandi landbúnaðarmál. Þessi gögn eru frá árunum 1750-1840.

Gögn varðandi flutning biskupsstóls og skóla frá Skálholti til Reykjavíkur, Bessastaðaskóla, barnaskóla Thorkillis- sjóðs, umbætur á skipan prestakalla á landinu. Gögnin eru frá árunum 1784-1834.

Konungsbréf um stofnun innréttinganna í Reykjavík (afrit) 4. jan. 1752.

Skrá um helstu hafnir á Íslandi að fornu eftir Jón Eiríksson (afrit).



## Einkaskjalasöfn

Prentuð gögn: Boðsbréf um útgáfu Norræna fornrita- félagsins á ritum Saxos og Snorra, 3. ág. 1816.

Dansk literaturtidende, nr. 32 og 33 1820. Þar er ritdómur um rit Bjarna Þorsteinssonar: Om kongelige og andre offentlige Afgifter samt Jordebogsindtægter i Island.

Útdrættir úr nokkrum vesturamtsbréfum til dönsku stjórnarinnar á árunum 1823-1842.

Reikningsbók um tekjur og gjöld Vesturamts í embættistíð Bjarna Þorsteinssonar amtmanns 1821-1849.

Skrá um menn í Vesturamti sem fengu, eftir meðmælum Bjarna Þorsteinssonar, opinbera viðurkenningu á árunum 1823-1845.

Nokkur gögn frá þeim árum, er Bjarni Þorsteinsson var settur stiftamtmaður og amtmaður í Suðuramti, svo sem skrár eða eins konar bréfadagbók og drög að bréfum varðandi þessi embætti 1823-1826, reikningsbók um tekjur og gjöld Jarðabókarsjóðs 1823-1824 o.fl. þ.h.

Nokkur gögn varðandi Færeyjar, einkum verslunina þar.

Myndir, þ.e. af 10 þekktum erlendum mönnum og af skjaldarmerki Friðriks konungs VI. Mennirnir eru:

Griffenfeldt, Peder Schumacher (1635-1699). Danskur greifi og ríkiskanslari.

Helvétius, Claude Adrien (1715-1771). Franskur heimspekingur.

Hobbes, Thomas (1588-1679). Enscur heimspekingur.

Hoppe, Friderich (1690-1776). Danskur sjóliðsforingi.

La Rochefoucauld, François VI (1613-1680). Franskur hertogi, prins af Marcillac. Rithöfundur.

Leopold, Karl Gustaf (1756-1829). Sænskt skáld.

Nørregaard, Lauritz (1745-1804). Danskur prófessor í lögfræði.

Pope, Alexander (1688-1744). Ensct skáld.

Reventlov, Christian Ditlev Friderich (1748-1827). Danskur lénsgreifi og stjórnámamaður.

Schiller, Johann Christoph Friedrich v. (1759-1805). Þýskt skáld.

- (4) Einkareikningar Bjarna Þorsteinssonar, aðallega varðandi viðskipti hans við ýmsa aðila í Kaupmannahöfn 1816-1876.
- (5) Reikningar til Bjarna Þorsteinssonar frá verslunum á Snæfellsnesi og í Reykjavík 1821-1856.

Ýmis skjöl varðandi laun og eftirlaun Bjarna Þorsteinssonar 1847-1854.

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

Ýmis skjöl um framlag Bjarna Þorsteinssonar til ekknasjóðsins (Den almindelige enkekasse) 1821-1837.

Tvær reikningsbækur um einkafjárreiður Bjarna Þorsteinssonar og síðan ekkju hans 1822-1880.

## E. 45

### LANDSPÍTALASJÓÐUR

Stofnaður 1915 til minningar um stjórnáráttindi íslenskra kvenna, sem þær fengu með stjórnarskrárbreytingunni 19. júní það ár. Skyldi hlutverk sjóðsins vera að koma upp landsspítala í Reykjavík. Plögg þessi voru áður í Syrpu nr. 6, 7 og 8.  
(4 öskjur)

- (1) Minningargjafabók 1916 - 1924.
- (2) Minningargjafabók 1924 - 1931.
- (3) Fjáröfnunarlistar 1915.
- (4) Fjáröfnunarlistar 1915.

## E. 46

### ÍSFÉLAGIÐ VIÐ FAXAFLÓA

Stofnað 1894 aðallega að frumkvæði **Tryggva Gunnarssonar** bankastjóra. Var tilgangur félags-ins að koma upp íshúsi til geymslu á beitu og matvælum. Rak félagið lengi íshús í Reykjavík. Jón Halldórsson skrifstofustjóri Landsbankans afhenti Þjskjs. 6. nóv. 1956.

(6 öskjur)

- (1) Sjóðbók 1917 - 1927.  
Sjóðbók 1928 - 1933.  
Hluthafaskrá og efnahagsbók 1901 - 1922.  
Hlutabréfaskrá.
- (2) Dagbók 1929 - 1933.  
Aðalbók 1930 - 1934.  
Sölubók 1910 - 1933.
- (3) Hlutabréf í Ísfélaginu nr. 1 - 700.
- (4) Hlutabréf í Ísfélaginu nr. 701 - 1300.
- (5) Hlutabréf í Ísfélaginu nr. 1301 - 1998.
- (6) Lög Ísfélagsins við Faxaflóa 1894.  
Bréf 1922 - 1935.  
Fylgiskjöl með reikningum Ísfélagsins 1933 (nr. 1 - 193).  
Fylgiskjöl með reikningum Ísfélagsins 1934 (nr. 1 - 37).  
Ýmisleg reikningsyfirlit 1934 - 1937.  
Skrá um útistandandi skuldir Ísfélagsins 1932.  
Ýmis plögg varðandi skattframtöl Ísfélagsins 1924-33.  
Seldar vörur í íshúsinu jan. - ágúst 1933.  
Skrá um útborgaðan arð til hluthafa 1926-32.  
Skrá um eigendur hlutabréfa 1906, 1920, 1926 og 1928.  
Kvittanir fyrir innleystum hlutabréfum 1934-38.  
Skrá um greiðslur til hluthafa í Ísfélaginu við Faxaflóa skv. fundarályktun 17. mars 1934.  
Nokkrir reikningar og kvittanir 1930-37.  
Afsalsbréf, viðskiptabók við Landsbankann o.fl.

## E. 47

### KRISTINN PÉTURSSON

Kristinn Pétursson (1896-1981). Myndlistarmaður og kennari. Stundaði að loknu kennaraprófi myndlistarnám í Noregi og víðar. Lagði fyrst stund á höggmyndalist en sneri sér síðan að málalalist. Verk hans voru að honum látnum gefin Listasafni alþýðu. Sjá nánar Kennaratal á Íslandi. Íslensk myndlist á 19. öld og 20. öld (Björn Th. Björnsson). Vötn á himni. Yfirlitssýning á verkum Kristins Péturssonar í Listasafni alþýðu 5. - 27. júní 1982 (Björn Th. Björnsson). Fyrst og fremst vísast til endurminninga Kristins, sem hann ritaði eftir dagbókum o.fl. minnisblöðum á árunum 1972-1979. Honum entist þó ekki þrek til að ganga frá þeim að fullu og kom þeim til geymslu í Þjóðskjalasafni skömmu fyrir andlát sitt.  
(2 öskjur)

**Endurminningar Kristins Péturssonar.** Þær skiptast í megin-atriðum í þrjá hluta. Sjá nánar eftirmála hans sjálfs og efnisyfirlit með hverjum hluta. Efnisyfirlit og heiti kafla hafa að vísu ekki verið samræmd alls staðar að fullu. Þá fylgja skrár með ýmsum persónulegum upplýsingum og fáeinar blaðgreinar eftir Kristin. Auk þess eru nokkrar greinar um hann lagðar með.

1. **Töfratákn.** Lengsti hluti endurminninganna. Fjallar í aðalatriðum um listnám og listferil höfundar, heimsóknir í listasöfn víða um lönd, ýmsar hliðar myndlistar og listsköpunar, vinnuástöðu heima og erlendis og heimilið Seyðtún í Hveragerði.
2. **Skorinn var mér þröngur stakkur.** Endurminningar í dagbókarformi frá tímabilinu 1900-1954 með athugasemdum frá árinu 1976. Fjalla aðallega um erfiðleika höfundar af völdum einstæðingsskapar, fátæktar og heilsuleysis, þótt að ýmsu öðru sé vikið.
3. **Úthverfar myndlistastundir.** Endurminningar í dagbókarformi frá tímabilinu 1925-1978 með ýmsum athugasemdum frá árunum 1978-1979. Sitthvað um listferil höfundar erlendis og heima, viðskipti við samtök listamanna, Menntamálaráð og Listasafn Íslands, þáttöku í samsýningum, einkasýningar o.fl.
4. **Ýmsar skrár og persónulegar upplýsingar.** Um einkasýningar höfundar og þáttöku í samsýningum, um myndlistarnám í skólum, um námsferðir, um áritanir á myndum höfundar, um mikilvæg ártöl í lífi hans. Eintak af eftirmála endurminninganna er lagt hér með.

5. **Fáeinar greinar.** Fjórar blaðagreinar eftir Kristín og eintak af sérprentuðu ávarpi hans til gesta á sýningu hans 1946.
6. **Nokkrar greinar um Kristín.** Tvær eftirmælagreinar frá haustinu 1981, tvær blaðagreinar um yfirlitssýninguna á verkum hans í júní 1982, eintak af sýningarskránni, Vötn á himni... og ljósrit úr ritinu Íslensk myndlist á 19. og 20. öld.

## **E. 48**

**HALLDÓR  
DANÍELSSON**

Halldór Daníelsson (1853-1829).  
Hreppstjóri, alþingismaður. Flutt-ist til  
Vesturheims árið 1900. Sbr.  
Alþingismannatal og Ísl. æviskrár.

Kæra til landshöfðingja yfir kosningu Halldórs sem þingmanns Mýramanna (1894-1899). Kosningin talin ólögæt. Hér er aðeins um ódagsett uppkast að ræða. Virðist það vera með hönd séra Einars Friðgeirssonar á Borg, enda er hann fyrstur í hópi undirskrifenda. Plaggið fannst árið 1985 í skjölum Borgarkirkju.

## E. 49

JÓN  
GUÐNASON

Jón Guðnason (1889-1975). Prestur, kennari og loks skjala-vörður við Þjóðskjalasafn Íslands. Sjá nánar Kennaratal á Íslandi, Ísl. samtíðarmenn, Alþingis-mannatal. Eftirgreind gögn afhentu erfingjar hans Þjóðskjala-safni í júní 1975.

(10 öskjur)

### Afrit af manntölum og prestsþjónustubókum og ýmsar fleiri uppskriftir til notkunar við ættfræðirannsóknir.

- (1) Manntal í Borgarfjarðarsýslu 1801, 1816, 1818.

Ýmsar skrár á lausum blöðum um dána o.fl. gögn um fólk í Borgarfjarðarsýslu, aðallega á 19. öld.

Manntal í Mýrasýslu 1801, 1814-1822, 1835, 1845, 1860.

Nokkrar skrár á lausum blöðum um dána í Mýrasýslu á 19. öld og f.hl. 20. aldar.

Manntal í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1801, 1815-1820, 1835.

Manntal í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu 1845, 1860.

Ýmsar skrár á lausum blöðum um dána o.fl. gögn um fólk í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu, aðallega á 19. öld.

- (2) Manntal í Dalasýslu 1649, 1654, 1703, 1734, 1762-1794, 1805, 1812.

Manntal í Dalasýslu 1801, 1818-1821, 1828, 1835, 1845.

Manntal í Dalasýslu 1860, 1870, 1880.

Manntal í Dalasýslu 1890.

- (3) Prestsþjónustubók Miðdalapinga (Sauðafells og Snóksdals) 1735-1766.

Prestsþjónustubók Miðdalapinga (Sauðafells og Snóksdals) 1784-1817.

Prestsþjónustubók Kvennabrekku og Stóra-Vatnshorns 1783-1817.

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar varðandi val prests að Kvennabrekku árið 1666.

Frá manntalsþingi að Jörva 16. júní 1729 og að Ballará 29. október 1799.

Mannanöfn og efnisskrá úr þinglýsingaskjalabók Dalasýslu 1728-1736.

Mannanöfn úr þingbókum Dalasýslu 1753-1770.

Manntalsbók Dalasýslu 1754.

Skattskrá Dalasýslu 1772.

Ýmiss konar skrár um fólk í Dalasýslu á 18., 19. og 20. öld.

Nokkrar skrár um dána í Dalasýslu á 18. og 20. öld.

Nokkrar ættartölur og æviatriði manna í Dalasýslu.

(4) Prestsþjónustubók Staðar á Reykjanesi (Staðar og Reykhóla) 1743-1820.

Manntal í Austur-Barðastrandarsýslu 1735, 1760-1762, 1784-1789, 1794.

Manntal í Austur-Barðastrandarsýslu 1801, 1814-1817, 1835, 1845, 1860.

Manntal í Vestur-Barðastrandarsýslu 1801, 1816-1820, 1835.

Manntal í Vestur-Barðastrandarsýslu 1845, 1860.

Ýmsar skrár á lausum blöðum um dána í Barðastrandarsýslu á 18., 19. og 20. öld.

Nokkrar ættartölur o.fl. skrár á lausum blöðum um fólk í Barðastrandarsýslu á ýmsum tímum.

(5) Manntal í Ísafjarðarsýslu 1681, 1735, 1762, 1782, 1784.

Manntal í Vestur-Ísafjarðarsýslu 1801, 1816-1818, 1835.

Manntal í Norður-Ísafjarðarsýslu 1801, 1816, 1820.

Manntal í Norður-Ísafjarðarsýslu 1835, 1845, 1860.

Ýmsar skrár á lausum blöðum um dána o.fl. gögn um fólk í Ísafjarðarsýslu á 19. öld og f.hl. 20. aldar.

(6) Nokkrar skrár um dána o.fl. gögn á lausum blöðum um fólk í Strandarsýslu á 18., 19. og 20. öld.

Prestsþjónustubók Árness í Trékyllisvík 1764-1816.



## Einkaskjalasöfn

- Prestsþjónustubók Árness í Trékyllisvík 1764-1953.
- Prestsþjónustubók Tröllatungu 1748-1951.
- (7) Prestsþjónustubók Staðar í Steingrímsfirði 1787-1821.
- Prestsþjónustubók Staðar í Steingrímsfirði 1787-1954.
- Manntal í Árnessókn í Trékyllisvík 1782-1816, 1829-1841.
- Manntal í Tröllatungu- og Fellssóknum 1759-1772.
- Manntal í Tröllatungu- og Fellssóknum 1773-1784.
- (8) Prestsþjónustubók Prestsbakka og Staðar í Hrútafirði 1762-1966.
- Manntal í Prestsbakka- og Óspakseyrarsóknum 1780-1816.
- Manntal í Prestsbakka- og Óskapseyrarsóknum 1817-1818.
- (9) Manntal í Strandasýslu 1649, 1703, 1735, 1762, 1781-1784, 1792, 1801, 1816-1819, 1828-1832, 1845.
- Manntal í Staðar- og Kaldrananessóknum í Steingrímsfirði 1792-1735.
- Manntal í Strandasýslu 1801.
- Manntal í Strandasýslu 1845.
- Manntal í Strandasýslu 1850, 1860, 1870, 1880.
- Manntal í Strandasýslu innanverðri og Staðarsókn í Hrútafirði 1885-1890.
- (10) Prestsþjónustubók Staðar í Hrútafirði 1753-1785.
- Afrit úr prestsþjónustubókum í Vestur-Húnavatnssýslu 1753-1860.
- Manntal í Vestur-Húnavatnssýslu 1733-1746, 1752-1762, 1774, 1784-1786, 1801, 1816-1819.
- Manntal í Vestur-Húnavatnssýslu 1830-1832, 1845, 1850, 1860.
- Manntal í Staðarhreppi og Fremri-Torfastaðahreppi 1870.
- Manntal í Austur-Húnavatnssýslu 1801, 1816-1818, 1835, 1845.
- Nokkrar ættartölur og æviatriði manna í Húnavatnssýslu á lausum blöðum, aðallega á 18. og 19. öld. Manntal í Breiðabólstaðar-prestakalli 1784.

Ýmsar skrár á lausum blöðum um dána í Húnavatnssýslu, aðallega á 19. öld og f.hl. 20. aldar.

## **E. 50**

### **ÍSLENDINGAFÉLAGIÐ Í KAUPMANNAHÖFN**

Páll A. Pálsson yfirdýralæknir afhenti Þjskjs. 1. des. 1977, nema fundagerðabók Byggingar-sjóðs, sem Ólafur Albertsson afhenti Bjarna Vilhjálmssyni, Kaupmannahöfn ásamt nokkrum öðrum skjölum 14. maí 1982. Sjá einnig E. 275, 18.

(3 öskjur)

- (1) Félagaskrá Íslendingafélagsins 1914-1915, 1926-1942.  
Sjóðbækur Íslendingafélagsins 1924-1930, 1931-1936, 1936-1942, 1943-1948, 1951-1961.
- (2) Fundabækur Íslendingafélagsins 1924-1931, 1953-1970.  
Fundabók stjórnar Íslendingafélagsins 1945-1954.  
Gerðabók stjórnar Söngfélags Íslendinga í Khöfn 1943-1950.  
Gestabók fyrir samkomur Íslendinga á Jótlandi 1942-1944.  
Myndaplötur af ávarpi Íslendinga í Danmörku til Alþingis árið 1930.  
Fundagerðarbók Byggingarsjóðs Íslendinga í Kh. 1945-1972.  
Fáein fylgiskjöl um sjóðinn og húsnæðismálið 1965-1972.
- (3) Fréttir frá Íslandi (vélrit) 1941-1945, sendar af Helga P. Briem til 1942 og síðan af sendiráði Íslands í Kh.

Ýmislegt.

## E. 51

### ÆSKULÝÐSFYLKINGIN

Æskulýðsfylkingin, félag ungra sósíalísta. Hér eru gögn heildar-samtakanna (Æ.F.), Reykjavíkur-deildarinnar (Æ.F.R.) Kópavogs-deildarinnar (Æ.F.K.), fáein gögn varðandi félög úti á landi og dálítið frá Fylkingunni. Einna fyrirferðarmest eru skjöl Æsku-lýðsfylkingarinnar í Reykjavík, sem stofnuð var árið 1938. Guðmundur J. Guðmundsson sagnfræðingur afhenti þessi skjöl Þjóðskjalasafni árin 1977 og 1983. Þau eru í 12 öskjum auk tveggja höfuðbóka í pakka.

- (1) Fundagerðabók Æ.F.R. 1938 - 1946.  
Fundagerðabók Æ.F.R. 1947 - 1958.  
Fundagerðabók Æ.F.R. 1958 - 1961.
- (2) Fundagerðabók stjórnar Æ.F.R. 1943 - 1947.  
Fundagerðabók stjórnar Æ.F.R. 1951 - 1955.  
Fundagerðabók stjórnar Æ.F.R. 1955 - 1956.  
Fundagerðabók stjórnar Æ.F.R. 1956 - 1960.
- (3) Fundagerðabók stjórnar Æ.F.R. 1960 - 1962.  
Fundagerðabók stjórnar Æ.F.R. 1962 - 1964.  
Fundagerðab. fjármálaráðs Æ.F. og Æ.F.R. 1960 - 1962.  
Fundagerðab. málfundahóps Æ.F.R. 1948 - 1949.  
(í sömu bók fundagerðir fræðslunefndar Æ.F.R. 1971 og nýliðanefndar s.á.).  
Gestabók skíðaskála Æ.F.R. 1957 - 1965.
- (4) Fundagerðabók stjórnar Æ.F. 1938 - 1946.  
Fundagerðabók framkvæmdanefndar Æ.F. 1955 - 1958.  
Fundagerðabók framkvæmdanefndar Æ.F. 1958 - 1959  
Fundagerðabók framkvæmdanefndar Æ.F. 1960 - 1961  
Fundagerðabók framkvæmdanefndar Æ.F. 1961 - 1962  
Fundagerðabók framkv.n., stjórn.n. 1939, 1975  
Fundagerðabók framkv.n., stjórn.n. 1952, 1974-1975  
Fundagerðabók framkv.n., stjórn.n. 1959 - 1960  
(í sömu bók starfsdagb. okt. 1971 og ritnefndardagb. Neista 1975-1980).
- (5) Gögn um 6. heimsmót æskunnar í Moskvu 1957 og þáttöku Íslendinga þar.
- (6) Gögn um 7. heimsmót æskunnar í Vínarborg 1959 og fyrirhugað 9. heimsmót í Alsír 1965 og síðan í Sofía í Búlgaríu 1968.

## **Þjóðskjalasafn Íslands**

Gögn um fyrirhugaðan Evrópufund Alþjóða æskulýðssambandsins í Varsjá í Póllandi 1967 o.fl. skjöl um tengsl íslenzkra aðila við þetta samband (WFDY).

Fundagerðir Æskulýðssambands Íslands í nóvember 1969 varðandi aðild að WAY, World Assembly of Youth.

- (7) Afrit útsendra bréfa 1939 - 1970.  
Lög, stefnuskrár og ályktanir ca. 1960 - 1970.  
Starfshópar, sellur, námshópar, nefndir ca. 1961 - 1973.  
Húsnæði, félagsgjöld, happdrætti o.fl. fjárhagsmál 1944 - 1975.  
